

Mál nr. 43/2007

TTB ehf. (C)

og

Sjóvá Almennar tryggingar hf. vegna PY-400

og

Tryggingamiðstöðin hf. vegna OJ-200

Árekstur á Bústaðarvegi 17. janúar 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. febrúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Tryggingamiðstöðinni hf. dags. 1. mars 2007.

Málsatvik.

Málavextir koma fram í gögnum málsins. Ökumaður PY-400 (hér nefnd A) ók austur Bústaðaveg með fyrirhugaða akstursstefnu norður afreina að Kringlumýrarbraut. Ökumaðurinn ók inn á gatnamótin gegn grænu ljósi og stöðvaði vegna umferðar vestur Bústaðaveg. Ljós skipti yfir á gult og ók hann þá af stað þegar þau voru að skipta yfir á rautt. Þá ók ökumaður OJ-200 (hér nefnd B) inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi þannig að árekstur varð. Ökumaður B sagðist hafa ekið vestur Bústaðaveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram vestur þá götu. Umferðarljósi hafi skipt af grænu yfir á gult þegar hann var að koma að þeim og hann hafði ekki svigrúm til að stöðva. A hafi þá ekið í veg fyrir sig. Vitni sem ók bifreið vestur Bústaðaveg sagðist hafa stöðvð við gult umferðarljós. B hafi ekið til vesturs inn á gatnamótin skömmu síðar. Ljósinn hafi verið að skipta yfir á rautt þegar B ók inn á gatnamótin.

Álit.

Gögn málsins bera það ekki glöggst með sér hvort rautt ljós var komið þegar B ók yfir gatnamótin. Fyrir liggur að bifreið fyrir framan B var búin að stöðva þar sem ljós hafði breyst yfir í gult. Ökumaður A fullyrðir að hann hafi fyrst byrjað að beygja þegar ljós voru að skipta úr gulu yfir í rautt. Í ljósi óvissrar stöðu umferðarljósa er sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 20. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.